

Ed.

73. Frumvarp til laga

[70. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum um 7,2 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR) og leggja fram 7,5% þeirrar fjárhæðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 26 12. maí 1976 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samning um stofnun Norræna fjárfestingarbankans en bankinn tók til starfa 1976 með þátttöku allra Norðurlandanna. Stofnfé bankans var ákveðið 400 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR). Hlutur Íslands var ákveðinn 4 milljónir SDR og var ¼ hluti stofnfjár innborgaður.

Á grundvelli tillögu stjórnar bankans 1982 var síðan ákveðið að tvöfalda hlutaféð, úr 400 í 800 milljónir SDR. Hlutur Íslands var þá 4,4 milljónir SDR og var ⅓ hluti fjáris innborgaður.

Á fundi stjórnar bankans, sem haldinn var 14.–15. október 1986, var síðan samþykkt að leggja til við Ráðherranefnd Norðurlanda að hlutafé bankans yrði enn á ný tvöfaldað, að þessu sinni úr 800 í 1600 milljónir SDR. Hlutur íslenska ríkisins hækkaði við þetta um 7,2 milljónir SDR (um 360 milljónir kr.), þ.e. úr 8,4 í 15,6 milljónir SDR eða úr um 420 í um 780 milljónir króna.

Innborganir Norðurlandanna til bankans voru ákveðnar 7,5% af aukningunni eða 60 milljónir SDR, þ.e. 20 milljónir úr varasjóði hans en 40 milljónir í beinum greiðslum. Eftirstöðvarnar, 760 milljónir SDR, eru í reynd bakábyrgð ríkjanna fimm sem eiga bankann.

Hlutur Íslands í innborgunum yrði 540 000 SDR (um 27 milljónir kr.). Að því er varðaði greiðslur af inneign ríkjanna í varasjóði bankans skyldi Ísland leggja til 210 000 SDR (um 10,5 milljónir króna). Beinar greiðslur Íslands yrðu hins vegar samtals 330 000 SDR (um 16,5 milljónir kr.) og skal inna þær af hendi sem hér segir:

1. 1. janúar 1988: 60 000 SDR (um 3 milljónir kr.),
2. 1. janúar 1989: 140 000 SDR (um 7 milljónir kr.) og
3. 1. janúar 1990: 130 000 SDR (um 6,5 milljónir kr.).

Taka má fram að tvisvar hefur verið ákveðið að úthluta aðildarríkjunum arði, á árunum 1986 og 1987 vegna starfsáranna 1985 og 1986, samtals 12 milljónum SDR (um 600 milljónum króna). Hlutur Íslands í arðsúthlutuninni þessi tvö ár er um 120 000 SDR (um 6 milljónir króna) eða tæpur ¼ af innborgun vegna ofangreindrar aukningar á hlutafé í bankanum.

Heimildir Norræna fjárfestingarbankans til lánveitinga eru 2 ½ sinnum hlutafé hans þannig að við aukningu hlutafjárins fara þær úr 2000 í 4000 milljónir SDR (úr um 100 í um 200 milljarða króna).

Fram til maíloka 1987 hefur Norræni fjárfestingarbankinn veitt íslenskum aðilum lán að fjárhæð 119,4 milljónir SDR eða tæpa 6 milljarða króna, þar af 100,0 milljónir SDR eða um 5 milljarða króna í formi fjárfestingarlána og 19,4 milljónir SDR eða tæpan 1 milljarð króna í formi byggðalána.

Fjárfestingarlán til Íslands skiptast sem hér segir (í milljónum SDR):

Íslenska járnblendifélagið hf. 1977	32.0
Landsvirkjun 1979–1982	25.1
Ísno hf. 1982–1985	1.4
Fiskeldi Grindavíkur hf. 1984	0.7
Árlax hf. (Kelduhverfi) 1985	0.9
Pólarlax hf. (Straumsvík) 1985	1.4
Íslandslax hf. 1985	4.9
Steinullarverksmiðjan hf. 1985	2.3
Hveitimyllan hf. 1986	1.1
Ístess hf. (fiskifóðurverksmiðja, Akureyri) 1986	1.0
Ríkissjóður (flugstöðin) 1987	17.6
Flugleiðir hf. 1987 (flugeldhús)	1.6
Iðnlánasjóður 1987	4.0
Iðnþróunarsjóður 1987	3.0
Silfurlax hf. 1987	1.6
Ewos 1987 (laxafóðurstöð)	0.7
Hlaðbær/Colas hf. (malbikunarstöð) 1987	0.4
Haflax hf. 1987	0.3
	<hr/>
	100.0

Byggðalán til Íslands skiptast sem hér segir:

Iðnþróunarsjóður 1980–1987	11.5
Framkvæmdasjóður Íslands 1980–1985	7.9
	<hr/>
	19.4

Auk fjárfestingarlána og byggðalána innan Norðurlandanna hefur bankinn frá 1. júlí 1982 veitt sérstök fjárfestingarlán til verkefna utan Norðurlandanna og ábyrgðir á slíkum lánum. Auk þess má nefna að Norræni verkefnautflutningssjóðurinn starfar í sérstökum tengslum við bankann.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er að finna nýjan texta 2. og 3. gr. samþykktanna fyrir bankann en þeim þurfti að breyta vegna aukningar hlutafjárins.

Fylgiskjal.

Nýr texti 2. og 3. gr. samþykka fyrir Norræna fjárfestingarbankann.

2. grein.

Stofnfé bankans skal vera 1600 milljónir sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Sérstök dráttarréttindi skulu skilgreind í samræmi við þá skráningu sem Alþjóðagjald-eyrissjóðurinn ákvað frá 1. janúar 1981.

Ef þessari skráningu verður breytt ákveður stjórn bankans að hve miklu leyti bankinn skuli nota hinar nýju ákvarðanir.

Af stofnfé bankans er hlutur danska ríkisins 337,2 milljónir, finnska ríkisins 292 milljónir, íslenska ríkisins 15,6 milljónir, norska ríkisins 312,8 milljónir og sænska ríkisins 642,4 milljónir sérstakra dráttarréttinda.

Ráðherranefnd Norðurlanda ákveður aukningu stofnfjár að fengnum tillögum stjórnar bankans. Skipting stofnfjárukningar á milli landanna fer eftir því hlutfalli sem Ráðherranefnd Norðurlanda setur á hverjum tíma um sameiginleg norræn verkefni.

3. grein.

Hver samningsaðila leggur fram 12,5% stofnfjárframlags síns til bankans. Greiðslur fara fram eftir kröfu bankans.

Eftirstöðvar stofnfjárframlags verða innheimtar eftir því sem stjórn bankans telur nauðsynlegt til að fullnægja skuldbindingum hans.